

Kerfislýsing
Veflægrar orðmyndabókar (VO)

Hluti vinnuhandbókar fyrir
Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls.

Kristín Bjarnadóttir

Júní 2013

1 Veflæg orðmyndabók

Orðabók Háskólans (sem varð hluti Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í september 2006) og Spurl ehf. (síðar Já-Spurl ehf., dótturfyrirtæki Símans) sóttu sameiginlega um styrk til Tækniþróunarsjóðs til að búa til vefkerfi til viðhalds og umsýslu Beygingarlýsingarinnar árið 2005 og nefnist kerfið *Veflæg orðmyndabók* (VO). Áður höfðu Orðabókin og Hjálmar Gíslason átt gott samstarf, m.a. um leitarvélina *Embla* á vefsíðu Morgunblaðsins. Leitarvélina Embla var fyrsta íslenska leitarvélina þar sem hægt var að leita að öllum beygingarmyndum orðs í einu.

Í umsókn til Tækniþróunarsjóðs var ávinningurinn af VO einkum talinn tvíþættur. Annars vegar átti nýja kerfið að margfalda notkunarmöguleika gagnanna í BÍN með ýmiss konar úrvinnslu sem hafði áður verið mjög tímafrek eða jafnvel ómöguleg. Þar má t.d. nefna sjálfvirka orðtöku úr rituðum texta. Hins vegar nýttist afraksturinn Spurl ehf. í leitartækni sinni, m.a. í leit á embla.is og í Símaskránni, ja.is. Verkefnisstjóri við gerð VO var Hjálmar Gíslason. Afraksturinn af verkefninu birtist notendum á vefsíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í mun sveigjanlegri og miklu hraðvirkari leit.

Gagnagrunnurinn sem notaður er fyrir VO er MySQL og forritunarmálið er PHP. Öll forritun var upprunalega unnin af Hjálmari Gíslasyni hjá Já-Spurl ehf. og var verkið hýst hjá Basis, Snorrabraut 56 á sýndarþjóni (*virtual server*). Síðar tóku aðrir starfsmenn Já við verkingu, aðallega Hlöðver Þór Árnason og Sveinn Steinarsson og er verkið hýst hjá Já.

Hér er hluti kerfislýsingar fyrir VO, ásamt skilgreiningum á hugtökum sem fylgdu upprunalegri kröfulýsingu.

2 Skilgreiningar

Þar sem eftirtalin orð koma fyrir í þessum texta ber að túlka þau á þann hátt sem hér segir, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Skilgreiningar þessar eru sérstaklega teknar saman til nota í þessu verki og eru oft frábrugðnar hefðbundnum málfræðilegum skilgreiningum.

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN): Verkefni Orðabókar Háskólans (síðar Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum), upphaflega unnið fyrir styrk úr Tungutækni-sjóði. Verkefnið felst í því að koma upp beygingardæmum um orð úr íslensku nútímamáli. BÍN er notað jöfnum höndum um verkefnið, gagnasafnið sem er afrakstur þess og áfanga í vinnunni, þ.e. útgáfur (XML-útgáfurnar BÍN 1.0 í febrúar 2004 og BÍN 2.0 30. nóvember 2004 og birtingu á vefsíðu stofnunarinnar).

Veflæg orðmyndabók (VO): Samstarfsverkefni Orðabókar Háskólans (síðar Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum) og Spurl ehf. (síðar Já-Spurl) sem fékk styrk úr Tækni-þróunarsjóði Rannís 2005. VO er gagnagrunnskerfi sem notað er til skráningar, viðhalds og birtingar á BÍN.

Orð: Einkvæm samsetning uppfættimyndar (greinarmunur er gerður á hástaf og lágstaf) og beygingarfbkks. Hvert orð getur haft fleiri en eina beygingarreglu fyrir ákveðinn greiningarstreng (þ.e. afbrigði eru leyfð).

Uppflettimynd eða fletta: Hefðbundin uppflettimynd í orðabókum, þ.e. nefnifall eintölu af nafnorði (*hestur*), nafnháttur sagnar í germynd (*koma*) og nefnifall eintölu í karlkyni, frumstigi af lýsingarorðum (*góður*). Tilbúnaar uppflettimyndir eru ekki notaðar, þannig að uppflettimynd í germynd er ekki sett upp fyrir miðmyndarsagnir (t.d. *óttast*) og fleirtölunafnorð fá ekki tilbúna eintölu sem uppflettimynd (t.d. *öfgar kvk.ft.*).

Orðmynd: Einkvæm mynd ákveðins orðs. Orðið *nál* hefur tvær orðmyndir í eintölu án greinis, *nál* og *nálar*.

Einsritaðar orðmyndir (homograf): Orðmyndir tveggja orða sem ritaðar eru á sama hátt. Orðmyndin *minni* af lýsingarorðinu *lítill* er ekki sama orðmyndin og orðmyndin *minni* af nafnorðinu *minni*, þótt orðmyndirnar séu einsritaðar.

Beygingarmynd: Orðmynd með tiltekin gildi fyrir beygingarlegar formdeildir, t.d. fyrir tölu, fall og ákveðni í nafnorðum. Orðið *nál* hefur fjórar beygingarmyndir í eintölu án greinis, *nál*, *nál*, *nál*, *nálar*.

Greiningarmynd: Beygingarmynd með greiningarstreng fyrir formdeildir. Orðið *nál* hefur fjórar greiningarmyndir í eintölu án greinis: *nál*<nfet>, *nál*<pfet>, *nál*<þgfet>, *nálar*<efet>.

Greiningarstrengur eða **mark:** Röð af táknum fyrir beygingarlegar formdeildir. Í BÍN eru greiningarstrengir byggðir á hefðbundnum íslenskum málfræðiskammstöfunum, t.d. fyrir fall og tölu í nafnorðum og persónu, tölu, hátt og tíð í sögnum. Þessum greiningarstrengjum er auðvelt að varpa yfir í aðra greiningarstrengi, t.d. til nota í Markaðri íslenskri málheild en þar eru notaðir greiningarstrengir úr *Íslenskri orðtíðnibók* (Orðabók Háskólans 1991), sjá formála þar.

Formdeild: Reglubundin fbkkun sem nær til (nær) allra orða af ákveðnum fbkki, sjá *Íslenska orðhlutafræði* Eiríks Rögnvaldssonar (1986 o.áfr., kafli 4.2 o.áfr.) Hér er átt við beygingarlegar formdeildir, t.d. tölu, fall og ákveðni í nafnorðum, persónu, tölu, tíð, háttur og mynd í sögnum, og tölu, fall, ákveðni, kyn og stig í lýsingarorðum. Þessi upptalning er ekki tæmandi; sjá lista um greiningarstrengi í beygingardæmum BÍN (5. kafli hér á eftir, Beygingarreglur og rofar þeirra) og greiningu í *Íslenskri orðtíðnibók*.

Undirformdeild: Tiltekið gildi formdeilda. Dæmi: Formdeildin tíð hefur undirformdeildirnar nútíð og þátíð; formdeildin tala hefur undirformdeildirnar eintölu og fleirtölu.

Orðflokkur: Orð skiptast í orðfbkka eftir beygingarlegum og setningarlegum einkennum. Orðfbkkar sem beygjast eru þessir: nafnorð (no), lýsingarorð (lo), fornöfn (fn), greinir (gr), töluorð (to), sagnir (so), atviksorð (ao) og raðtölur (rt). Orðfbkkar sem ekki beygjast eru: forsetningar (fs), samtengingar (st), nafnháttarmerki (nhm) og upphrópanir (uh). Hér nær hugtakið orðfbkkur einnig yfir hópa orða sem ekki teljast til hefðbundinna málfræðilegra orðfbkka, s.s. 'erlent orð' (e) og 'ógreint orð' (x) og 'skammstöfun' (skst). Þetta er sama leið og farin var í *Íslenskri orðtíðnibók*.

Í *Íslenskri orðtíðnibók* eru atviksorð og forsetningar sameinuð í einn orðfbkk, ao (sem síðan greinist í undirfbkka). Í BÍN er greint er á milli atviksorða og forsetninga á þennan hátt:

1. Atviksorð sem stjórná klárlega aldrei falli eru greind sem atviksorð, t.d. *seinna, glaðlega, þar, hér, núna* o.s.frv.
2. Smáorð sem geta stjórnað falli eru forsetningar. Tvíræð orð (ao/fs) eru greind sem forsetningar, t.d. *að, út, utan, handan* o.s.frv.
3. Þessi skipting er aðeins notuð í stoðgögnum í BÍN þar sem viðfangsefnið í beygingardæmunum er að sjálfsögðu aðeins orð sem eru beygjanleg. Atviksorð eru m.ö.o. hluti BÍN ef þau stigbreytast en annars ekki.

Undirorðflokkur: Nákvæmari fbkkun orða innan ákveðins orðfbkks. ¹

Orðgerð: Skipting orðaforðans eftir orðmyndun, g (grunnorð), s (samsett orð). Síðar er hugsanlegt að gera þurfi ráð fyrir beygingu fleirytra fletna, bæði úr almennu máli (t.d. *annar hvor*) og landfræðiheimum (*Fjallið eina, Landið helga*) og fyrirtækja- og stofnanaheitum o.þ.h. (*Orðabók Háskólans, Hið íslenska bókmenntafélag*) en að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir því í VO.

Beygingarflokkur: Safn orða sem beygjast eftir nákvæmlega sömu beygingarreglum, sjá 4. kafa um beygingarfbkka hér á eftir. Beygingarreglur eru settar upp fyrir orð sem beygð eru vélrænt í BÍN; þ.e. ekki fyrir orð og orðfbkka sem fara beint inn í beygingarmyndatöflu.

¹Þessi möguleiki er að mestu ónotaður í kerfi nu. Fornöfn eru t.d. aðeins greind í sundur í persónufornöfn (pfn), afturbeygt fornafn og önnur fornöfn í gagnagrunninum. Vegna athugasemda frá notendum BÍN á vefsíðunni er undirtegunda fornafn getið í athugasemdum sem birtast á vefsíðunni og fornöfnum skipt í persónufornöfn, eignarfornöfn, ábendingarfornöfn, afturbeygt fornafn, afturbeygt eignarfornafn, óákveðin fornöfn, óákveðin spurnarfornöfn og spurnarfornöfn.

Upprunalega var sá háttur hafður á með sterkar sagnir, fornöfn, greininn og töluorð en nú hafa beygingarreglur verið settar upp fyrir mest af þessu efni (sjá kafa 7.5 um handbeygt efni).

Beygingaregla: Regla sem setur saman stofn og endingu ákveðinnar beygingarmyndar.

Stofn: Sá hluti orðs sem beygingarending bætist við. Þessi skilgreining er sértæk fyrir verkefnið og er einfaldari en hefðbundin málfraeðileg skilgreining á stofni. Ekki er gert ráð fyrir neins konar hljóðkerfisreglum.²

Rammi: Safn beygingarreglna sem myndar allar beygingarmyndir orða í ákveðnum beygingarfbkki.

Beygingardæmi: Allar beygingarmyndir af einu orði.

Beygingarabrigði: Fleiri en ein rétt beygingarmynd af orði fyrir tiltekinn greiningarstreng.

Rofi: ± merki sem sýnir hvort tiltekin formdeild er virk fyrir einstakt orð. Rofi getur átt við knippi af beygingarreglum.

Röng beyging: Beyging sem ekki er viðurkennt mál. Þetta efni verður ekki birt á vefsíðu OH en er nauðsynlegt til máltækninota. Rangar beygingar skiptast í þrennt:³

1. Beygingarfbkkur sem er rangur í heild, þ.e. fbkkurinn er samansafn af beygingarreglum sem aldrei raðast saman í „réttan” beygingarfbkk. (Nægilegt er að ein beygingaregla skilji að réttan og rangan beygingarfbkk.)

birting, ef.et. *birtingu*

2. Orð sem sett er í vitlausan beygingarfbkk, þ.e. beygingarfbkkurinn er til en tiltekið orð á ekki heima í honum:

orðstír, þf.et. *orðstí*

3. Orð sem frá ranga merkingu á rofa fyrir beygingarreglu:

mér langar, “+GMÓPfrl:þgf” í stað “+GMÓPfrl:þf”

Millivísanir: Æskilegt er að vísa á milli beygingardæma þar sem afbrigði gefa tilefni til. Þessar gerðir afbrigða þarf að skoða:

²Í frumgerð VO var bakstöðuklösum í lýsingarorðum og veikum sögnum stundum breytt í keyrslunni, þ.e. tilteknum bókstöfum var eytt aftan af stofni á undan tilteknum bókstöfum fremst í endingu.

rr+r → rr lo. *þurr*, ef.et. kvk þurr+rar → *þurrar*
sbr. lo. *klár*, ef.et. kvk klár+rar → *klárrar*

Þetta fækkaði stofnum í gögnunum og var upprunalega einnig notað í nafnorðum í BÍN 1.0. (Sjá lýsingu á skriftunum snyrta.sed/snyrt.sed í Viðauka D.) Þetta vinnulag var síðar lagt af og stofnunum breytt þannig að alltaf væri hægt að nota þá óbreytta framan við beygingarendingarnar. Breytingin var gerð þar sem flækjustigið í forritun reyndist óásattanlegt.

³Þessi möguleiki er enn ónotaður en vísbendingar af þessu tagi eru í notendaathugasemdom ofan við beygingardæmin á vefsíðunni.

1. Stafsetningarafbrigði. Mismunurinn kemur fram í uppfættimynd; beygingarfbkkur er sá sami: *abstrakt, afstrakt*
2. Afbrigði „sama orðs” í tveimur beygingarfbkkum:
 - (a) Mismunandi uppfættimynd (stofngerð): *sannleikur, sannleiki; mæ, mey*
 - (b) Munur á kyni: *sykur kk/hk*
3. Afbrigði innan beygingardæmis þarf ekki að sýna með millivísun; þar verða afbrigðin ekki til þess að búa til aukafettu: *vegur ef.et. vegar/vegs; gala þt. galaði/gól.*

Mörkin á milli 2. og 3. eru óljós þar sem stundum er skilið á milli einsritaðra fættiorða út frá beygingu, þ.e. ef merking eða rökliðastrúktúr gefur tilefni til þess. Sterku og veiku sögnunum *brenna* er t.d. skipt í tvö uppfættiorð en *fela* ekki, þó að merkingarmunur sé á *fela/fól* og *fela/faldi*: *hann fól henni verkið/hann faldi bókina*. Millivísanir eru birtar í notendaathugasemdum ofan við beygingardæmi.


Hluti BÍN: Orðaforðanum er skipt upp í hluta eftir notkunarsviði þeirra. Sjá nánar í kafa 10.1.1.

Heimild: Við hvert orð er gefin ein heimild sem sýnir hvaðan orðið upprunalega tekið inn í BÍN. Heimildin gefur engar upplýsingar um aldur orðsins. Fyrstu og þar með fyrirferðarmestu heimildirnar eru *Íslensk orðabók* (tölvuútgáfan 2000) og Norræna verkefnið (íslenskur grunnur að íslensk-skandínávískum orðabókum, unnið á OH). Efni úr Norræna verkefninu er að verulegu leyti fengið úr Ritmálsskrá Orðabókarinnar. Sjá kafa 10.3.

3 Gagnagrunnurinn: Kerfislýsing

Í þessum kafla eru skýringarmynd um skipulag gagnagrunnsins og lýsing á töflunum í honum. Sýnt er hvernig gögnunum er skipt í töflur og hvernig vensl á milli tafhanna eru. Athugasemdir um það hvernig gögnum er bætt í hverja töflu fylgja.

3.1 Gagnaskema



3.2 Töflurnar

3.2.1 tbl_ord

Almennar upplýsingar um einstakt orð.

Id	Einkvæmt auðkenni orðs.
Uppfettimynd	Uppfettimynd (fætta) orðs, t.d. “hundur”.
Beygingarfbkkur_id	Beygingarfbkkur sem orð tilheyrir. Vísun í tbl_beygingarfbkkar.id.
Ordgerd	Orðgerð orðs. Möguleg gildi: g (grunnorð), s (samsett).
Beygt	Er orðið beygt eða ekki. Möguleg gildi eru 0 (ekki beygt) eða 1 (beygt).
Rofar	Inniheldur streng sem tilgreinir “rofa” orðsins, þ.e. hvaða beygingarmyndir orðsins eru raunverulega til (t.d. hvort orðið er til í eintölu eða með greini). Dæmi: “+ET” (til í eintölu), “+ANGR” (til án greinis).
Vinnuathugasemd	Athugasemd skráningararaðila. Ekki til birtingar utan skráningarviðmóts.
birt_athugasemd	Athugasemd sem birt skal notendum VO.
Log	Athugasemdir um breytingar.
Created	Dagsetning upphaflegrar skráningar orðs.
Modified	Dagsetning síðustu breytingar orðs.

Upplýsingar um orð koma úr innflutningsgögnum. Vinnuathugasemdum og birtum athugasemdum er hægt að breyta í skráningarviðmóti. Gögn í sviðunum 'Log, Created & Modified' eru kerfisgögn sem bætast sjálfkrafa við.⁴

3.2.2 tbl_stofnar

Stofnar einstakra orða. Orðmyndir eru búnar til með því að skeyta saman stofni orðs og endingu skv. viðeigandi beygingarreglu.

Id	Einkvæmt auðkenni stofns.
ord_id	Auðkenni þess orðs sem stofninn á við um. Vísar í tbl_ord.id.
Stofn	Stofninn sjálfur, t.d. “hund”.
Radnumer	Raðnúmer stofns.

Stofnar eru skráðir úr innflutningsgögnum orða.

⁴Spyrja Svein um þetta.

3.2.3 tbl_beygingarmyndir

Beygingarmyndir orða. Beygingarmyndir eru keyrðar út úr kerfinu skv. þeim upplýsingum sem þar eru vistaðar um hvert orð, beygingarfbkk, beygingarreglur, stofna og endingar.

ord_id	Auðkenni orðs. Vísun í tbl_ord.id.
Greiningarstrengur	Greiningarstrengur viðkomandi orðs. Notaður t.d. við að raða beygingarmyndum í töflu til birtingar.
Beygingarmynd	Beygingarmynd orðs.

Beygingarmyndir orða eru keyrðar út við nýskráningu eða breytingar á upplýsingum um stök orð. Handbeygt efni er sett inn í beygingarmyndatöfluna án keyrslu.

3.2.4 tbl_hlutar_BIN

Upplýsingar um einstaka hluta BÍN.

Id	Einkvæmt auðkenni hluta BÍN.
Parentid	Hver hluti BÍN getur verið undirhluti annars. Ef svo er vísar parentid á auðkenni þess hluta sem hann heyrir undir. Ef um "rótahluta" er að ræða er gildi parentid = -1.
Heiti	Heiti viðkomandi hluta.

Hægt er að búa til nýja hluta BÍN í umsjónarviðmóti. Upplýsingar um hluta BÍN í innflutningsgögnum verða að samsvara hluta sem þegar hefur verið skráður, sjá stoðgögn.

3.2.5 tbl_ord_hlutar

Upplýsingar um það hvaða hluta eða hlutum BÍN orð tilheyrir. Millivísanatafa milli orða (tbl_ord) og hluta BÍN (tbl_hlutar_BIN).

ord_id	Auðkenni orðs. Vísun í tbl_ord.id.
hluti_id	Hluti BÍN sem orð tilheyrir. Vísun í tbl_hluti_BIN.

Upplýsingar um þessa töflu koma úr innflutningsgögnum orða.

3.2.6 tbl_heimildir

Heimildir sem orð eru fengin úr.

Id	Einkvæmt auðkenni heimildar.
Skammstofun	Einkvæm skammstöfun sem auðkennir heimild. T.d. "ÍO63".
Skyring	Heiti og aðrar skýringar á heimild, t.d. "Íslensk orðabók 2000".

Hægt er að skrá nýjar heimildir í umsjónarviðmóti, sjá stoðgögn.

3.2.7 tbl_ord_heimildir

Upplýsingar um upprunaheimild orðsins. Millivísunartafa milli tbl_ord og tbl_heimildir.

ord_id	Auðkenni orðs. Vísun í tbl_ord.id.
Heimild_id	Heimild sem orðið er fengið úr. Vísun í tbl_hluti_BIN.

Upplýsingar í þessa töflu koma úr innflutningsgögnum orða.

3.2.8 tbl_birtingar

Mögulegir birtingarstaðir fyrir orð.

Id	Einkvæmt auðkenni birtingarstaðar.
Heiti	Heiti birtingarstaðar, t.d. Vefur, XML, Embla, ...

Hægt er að skrá nýja birtingarstaði í umsjónarviðmóti, sjá stoðgögn.

3.2.9 tbl_birting_ord

Hvar einstök orð skulu birt. Millivísanatafa milli orða (tbl_ord) og birtingarstaða (tbl_birtingar).

ord_id	Auðkenni orðs. Vísun í tbl_ord.id.
Birting_id	Auðkenni birtingarstaðar. Vísun í tbl_birtingar.

Upplýsingar um birtingu orða eru skráðar í skráningarviðmóti.

3.2.10 tbl_skyld_ord

Geymir upplýsingar um millivísanir (út frá beygingum). Millivísanatafa milli tveggja orða í tbl_ord.

ord1_id	Auðkenni orðs sem vísað er frá.
ord2_id	Auðkenni orðs sem vísað er til.

Upplýsingar um millivísanir eru skráðar í skráningarviðmóti, þ.e. millivísanir milli tveggja orða í tbl_ord. Þetta er ófrágengið og hefur ekki verið notað.⁵

3.2.11 tbl_beygingarflokkar

Geymir almennar upplýsingar um alla beygingarfbkka sem skráðir eru í kerfinu.

Id	Einkvæmt auðkenni beygingarfbkks.
Heiti	Einkvæmt, skammstafað auðkenni beygingarfbkks. Uppbygging heitis beygingarfbkks er útskýrt 4. kafla, Heiti beygingarfbkka.
Ordfbkkur_id	Auðkenni þess orðfbkks sem beygingarfbkkur tilheyrir. Vísar í tbl_ordfbkkar.id.
Undirordfbkkur_id	Auðkenni þess undirordfbkks sem beygingarfbkkur tilheyrir. Vísar í tbl_undirordfbkkar.id.
Daemi	Uppfettimynd eins orðs úr beygingarfbkki.
Afbrigdi	Inniheldur beygingarfbkkurinn beygingarafbrigði, þ.e. tilfelli þar sem fleiri en ein rétt beygingarmynd er til fyrir ákveðinn greiningarstreng.
Rangt	Auðkennir beygingarfbkka sem eru “rangir”, þ.e. þar sem engin orð eru til sem beygjast raunverulega á þennan hátt. Dæmi: <i>birting</i> , <i>birtingu</i> , <i>birtingu</i> , <i>birtingu</i> . Sjálfgefið gildi er 0. Rangur beygingarfbkkur er auðkenndur með gildinu 1.
Created	Dagsetning fyrstu skráningar.
Modified	Dagsetning síðustu breytingar.

Nýir beygingarfbkkar eru skráðir í umsjónarviðmóti þar sem listi um beygingarfbkkana er birtur, með dæmi og orðfbkki.

⁵Búið er að bæta millivísunum inn í kaflann um skilgreiningar. Þessi tafa átti að heita tbl_millivisun og fbkkun á millivísunum átti að koma fram í henni. Nú er upplýsingar um millivísanir aðeins að finna í notendaathugasemdum.

3.2.12 tbl_rangir_beygingarflokkar

Geymir upplýsingar um beygingarfbkka sem orðið tilheyrir ranglega (við ranga notkun). Millivísunartafa milli orða (tbl_ord) og beygingarfbkka.

ord_id	Auðkenni orðs. Vísun í tbl_ord.id.
Beygingarfbkkur_id	Auðkenni rangs beygingarfbkks. Vísun í tbl_beygingarfbkkar.id.

Til athugunar. Hér eru engin gögn fyrirleggjandi. Þetta kallar á að eitt orð geti verið í tveimur beygingarfbkkum, einum réttum og einum “röngum”. Rangi beygingarfbkkurinn getur verið tvenns konar: Venjulegur beygingarfbkkur sem er notaður á orð sem á þar ekki heima og eiginlegur “rangur beygingarfbkkur” þar sem a.m.k. ein beygingarreglan er röng, sbr. beygingarfbkk sem fær gildið “1” í töflunni “tbl_beygingarfbkkar”. Sjá kafla 12.1.

3.2.13 tbl_beygingarreglur

Geymir beygingarreglur.

Id	Einkvæmt auðkenni beygingarreglu.
Beygingarfbkkur_id	Beygingarfbkkur sem beygingarregla tilheyrir. Vísun í tbl_beygingarfbkkar.id.
Greiningarstrengur	Sá greiningarstrengur sem kallar á viðkomandi beygingarreglu, t.d. “þgfet”.
stofn_rnr	Raðnúmer þess stofns sem endingu skal skeytt við til að mynda orð samkvæmt beygingarreglunni. Vísar í tbl_stofnar.radnumber.
Ending	Sú ending sem skeytt skal við valinn stofn til að mynda orð samkvæmt beygingarreglunni.

Um beygingarreglur og viðbætur á þeim gildir hið sama og um beygingarfbkkana.

3.2.14 tbl_ordflokkar

Upplýsingar um einstaka orðfbkka.

Id	Einkvæmt auðkenni orðfbkks.
Skammstofun	Skammstofun sem auðkennir orðfbkk, s.s. “no” fyrir nafn-orð. Einkvæm.
Heiti	Fullt heiti orðfbkks, t.d. “nafnorð”.

“Tæmandi” listi orðfbkka verður settur inn í kerfið í upphafi. Kerfisstjóri getur búið til nýja fbkka ef þörf krefur.

3.2.15 tbl_undirordflokkar

Upplýsingar um einstaka undirorðfbkka.

Id	Einkvæmt auðkenni undirorðfbkks.
Ordfbkkur_id	Auðkenni orðfbkks sem undirorðfbkkur tilheyrir. Vísun í tbl_ordfbkkar.id.
Heiti	Auðkennandi heiti (skammstöfun skv. nafnareglu um beygingarfbkka, sjá skilgreiningar) undirorðfbkks.

“Tæmandi” listi undirorðfbkka verður settur inn í kerfið í upphafi. Kerfisstjóri getur búið til nýja fbkka ef þörf krefur.